

**Ed.**

## **595. Nefndarálit**

um frv. til I. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin athugaði málið. Voru mættir tveir nefndarmenn, Þorsteinn Þorsteins-son og Páll Zóphóniasson, en Erlendur Þorsteinsson var fjarverandi vegna veikinda. Urðu nefndarmenn ekki á eitt sáttir. Vildi PZ leggja til, að frv. væri fellt, og skilar sennilega sérstöku nefndaráliti, en ÞP vill, að það verði samþykkt með breytingu þeirri, sem hér fer á eftir.

Mjög hefur verið deilt um það, hversu nauðsynlegt land þetta er Nesbóndan-um eða hvort það muni valda miklum landspjöllum, ef það væri tekið aftur til beitar. Það er víst, að fyrir landspildu þessari er hin ágætasta beitifjara um þrjá kílómetra meðfram ströndinni, sem engum verður til nytja, ef fénaður nær ekki að komast þangað vegna girðingar um landið. Virðist svo, að Nesbóndinn verði mjög að ganga á fjárstofn sinn, nái hann ekki til fjöru þessarar, en nú er nauðsyn á að hefta ekki framleiðslu sauðfjárafurða í landi hér. Flutningsmaður frv., forseti neðri deildar, sem er gagnkunnugur óðalsbóndanum í Nesi og þekkir vel til landa í Selvogi, telur það útilokað, að hætta sé á uppblæstri, þótt land þetta sé ekki friðað. Má og geta þess hér, að ef gróðurland býla eyðist vegna ofbeitar, er heimilt að láta gera ítölu í landið samkvæmt sandgræðslulögunum nýju. Vitanlegt er og, að sandgræðslustjóri leggst mjög á móti sölu þessari og telur opnun landsins skað-lega. Standa hér trúverðugir menn einn gegn öðrum. Tel ég réttast að heimta hér beztu manna yfirsýn, þeirra er óvilhallir eru, og hafa það, sem þeim virðist far-sælast, en fara ekki með offorsi að málinu út í bláinn, því að fæstir deildarmanna þekkja af eigin sjón, hvernig hagar til suður þar við ströndina.

### **BREYTINGARTILLAGA.**

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: að lokinni skoðun á landinu og umsögn tveggja óvilhallra manna. Tilnefnir hæstiréttur annan þessara manna, en landbún-aðarráðherra hinn.

Alþingi, 20. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson.